

Nr. 012 / 16 Vestri BA 63***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 0182
 Smíðaður: Noregi 1963, Stál
 Stærð: 198,6 brl. 293 bt.
 Mesta lengd: 28,95 m Skráð lengd: 26,92 m
 Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,27 m
 Vél: Stork Wartsila 730 kW, 2005
 Fjöldi skipverja: 6



Vestri© Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. mars 2016 var Vestri BA 63 við löndun á Skagaströnd. Veður: S 19 m/s

Skipverji var að fara upp stiga úr lestinni þegar hann greip í mannopslúguna sem reyndist laus og féll niður með þeim afleiðingum að hann klemmdist illa á fingrum vinstri handar. Skipverjinn var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans.

Við rannsókn kom fram:

- að lúgan gat haldist opin án þess að læsijárnið væri sett á hana;
- að sögn skipverja hefðu það verið starfsmenn við löndun sem opnuðu mannopið án þess að setja læsijárnið á lúguna (*sjá mynd*). Fram kom að skipverjar settu alltaf læsijárnið á lúguna þegar þeir opnuðu hana;
- að skipstjórinn kvaðst vera búinn að ákveða að lúgunni yrði breytt þannig að hún opnaðist í gagnstæða átt og félli niður í þilfarið. Fram kom að þangað til yrðu settar upp merkingar um að krækja ætti lúgunni upp þegar gengið væri um hana.



Lúgan er fest upp með læsijárni

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að við mannop eigi að vera föst handföng til tryggja öryggi þeirra sem um þau fara.